



Hreinsitækni ehf
Stórhöfða 37
110 Reykjavík
Bt. Björgvin Jón Bjarnason

Laugarvatni, 12. júní 2024

Efni : Rotþróarhreinsanir í Uppsveitum Árnessýslu 2024

Vísað er til bréfs Hreinsitækni (HRT) dags. 17. maí sl. þar sem lýst er vonbrigðum með að HRT hafi verið beðið um að hreinsa tæplega helmingi færri rotþrær í uppsveitum Árnessýslu árið 2024 en þrjú ár þar á undan og að það sé í ósamræmi við fyrri yfirlýsingar um óbreytt þjónustukaup. Telur fyrirtækið samskipti við Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. (UTU) og yfirfærslu verkefna til UTU ekki hafa gengið sem skyldi. Vísar fyrirtækið í þeim efnum til þriggja atriða. Í fyrsta lagi að bagalegt sé að kynna grundvallarbreytingu á verkefninu með svo skömmum fyrirvara. Í öðru lagi hafi aðgerðir starfsfólks UTU leitt til tímabundinnar útilokunar HRT úr Seyru-forritinu sem hafi truflað starfsemi félagsins í öðrum sveitarfélögum og bakað því fjárhagslegt tjón. Í þriðja lagi telji HRT að hreinsanir rotþróa í Grímsnesi nú í vor hafi ekki verið í samræmi við kröfur þar sem ógerningur sé að hreinsa um og yfir 30 rotþrær á dag. Telur HRT sig ekki geta ábyrgst að hreinsa þær rotþrær sem óskað er eftir eða standa við uppgefin verð, sem miðuðust við svipaðan fjölda og áður. Fyrirtækið sé tilbúið í samstarf um verkefnið en telji rétt að láta staðar numið að sinni.

UTU tók við seyruverkefninu um áramótin 2024. Mikil vinna fór af stað í kjölfarið við að yfirfæra verkefnið í breytt rekstrarform. Samhliða yfirfærslunni hefur verið ráðist í endurskipulagningu á starfsemiinni og gerð áætlana fyrir fyrsta starfsárið. Þrátt fyrir að yfirfærslan hafi ekki gengið hnökralaust fyrir sig telur embættið að hún hafi almennt gengið nokkuð vel. Hefur m.a. tekist að fullmanna seyrubíl embættisins, en það hefur ekki tekist undanfarin sumur. Er það helsta ástæða þess að UTU hefur minni þörf fyrir aðkeypta þjónustu við hreinsun rotþróa, en jafnframt hafa verið gerðar breytingar á skipulagi hreinsunarinnar. Telur embættið að sú tilhögun sem lagt er upp með sé til hagsbóta fyrir aðildarsveitarfélögin.

UTU veit ekki til hvaða yfirlýsinga HRT er að vísa til en embættið hefur ekki gefið út neinar yfirlýsingar um óbreytt þjónustukaup. Á fundi með fulltrúa HRT þann 5. mars sl. var fyrirtækið upplýst um að verið væri að vinna í því að ná utan um verkefnið, kortleggja og innleiða undir UTU. Báðir aðilar voru sammála um áframhaldandi samstarf en ekkert var rætt um fjölda þróa, hreinsunarsvæði eða annað í þeim dúr. Með tölvupósti 22. apríl sl. óskaði HRT eftir því að fá að hefja hreinsun á starfssvæði UTU og fékk svar um hæl þess efnis að starfsmaður UTU væri að skipuleggja tímabilið og kortleggja svæðin. Þegar þeirri vinnu lyki yrðu sendar upplýsingar um fjölda og staðsetningu þeirra rotþróa sem óskað yrði eftir að HRT hreinsaði þetta sumarið. Þann 3. maí sl. var HRT síðan send áætlun um fjölda rotþróa og skipulag. UTU telur sig hafa upplýst HRT um breytta tilhögun tæminga rotþróa eins tímanlega og kostur var. HRT var jafnframt kunnugt um að embættið ætti seyrubíl og hefði því mátt vera ljóst að eftirspurn eftir þjónustu þess gæti minnkað þegar búið væri að fullmanna hann.

Embættinu þykir leitt að HRT skuli vera ósátt við samskipti sín við embættið. Samskiptin takmarkast við það sem rakið hefur verið hér að ofan. UTU getur tekið undir með HRT að heppilegra hefði verið að upplýsa fyrirtækið fyrr um fyrirkomulag hreinsunar. Mun embættið

leggja sig fram um að hafa áætlanir fyrir komandi sumar tilbúnað fyrir í framtíðinni. Hvað varðar tímabundna útilokun HRT úr Seyru forritinu þá er hún væntanlega tilkomin vegna kerfislægs vandamáls. Eðli máls samkvæmt hefur UTU ekkert með skipulag utan síns starfssvæðis að gera.

Starfssvæði UTU hefur þurft og þarf á aðkeyptri þjónustu að halda sem m.a. HRT hefur sinnt og skilað sinni þjónustu vel í gegnum árin. Vona að við eigum eftir að eiga gott samstarf í framtíðinni og er HRT ávallt velkomið að hafa samband ef eitthvað er og ef HRT vill endurskoða afstöðu sína á hreinsun á rotþróum fyrir komandi tímabil þá erum við tilbúin í samtali þar um.

Með von um jákvætt samstarf í framtíðinni,



Fh. UTU

Nanna Jónsdóttir, skrifstofustjóri

Afrit sent á:
Sveitarstjóra aðildarsveitarfélaganna